

137/21

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 137/210*  
*komudagur 16.6.2009*

Utanríkismálanefnd Alþingis  
Sigrún Brynja Einarsdóttir  
nefndarritari  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. júní 2009  
2009060007/42-1-3  
TB  
jgo/tb

### **Aðild að Evrópusambandinu**

Vísað er til bréfs frá utanríkismálanefnd Alþingis, dags. 2. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tvær tillögur til þingsályktunar er varða aðild að Evrópusambandinu, 38. mál aðildarumsókn að Evrópusambandinu og 54. mál undirbúningur mögulegrar umsóknar um aðild að Evrópusambandinu.

Eins og nöfn þingsályktunartillagnanna benda til gengur fyrri tillagan, 38. mál, lengra þar sem ríkisstjórnin óskar eftir umboði til að sækja beint um aðild að Evrópusambandinu og að loknum viðræðum við sambandið yrði haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um væntanlegan aðildarsamning. Í athugasemdum við þingsályktunartillöguna er gert ráð fyrir víðtæku samráði við hagsmunaaðila og grundvallarhagsmunir Íslands eru settir fram. Fagleg viðræðunefnd við ESB verður skipuð af ríkisstjórn Íslands. Henni til fulltingis verður breiður samráðshópur fulltrúa hagsmunaaðila. Gert er ráð fyrir að Alþingi setji á fót sérstaka Evrópunefnd Alþingis með fulltrúum allra stjórnsmálaflokka er fari með samskipti við viðræðunefnd vegna ESB.

Síðari tillagan, 54. mál, gengur út á að undirbúa mögulega umsókn um aðild að Evrópusambandinu. Þar er gert ráð fyrir að fela utanríkismálanefnd Alþingis að undirbúa mögulega umsókn um aðild. Nefndinni yrði falið að gera grein fyrir mikilvægustu hagsmunum Íslands og vinna vegvísi að mögulegri aðildarumsókn þar sem umfjöllun um öll álitamál varðandi aðildarviðræðurnar kæmu fram og einnig skuli fjallað um ráðstafanir í tengslum við staðfestingu mögulegs aðildarsamnings. Í greinargerð er farið yfir hvaða þætti þarf að skoða s.s. hugsanlegar stjórnarskrárbreytingar, hverjir eru helstu hagsmunir Íslands, lýðræðislegar umræður og upplýsingagjöf. Ekki er lagt beint til að þjóðaratkvæðagreiðsla skuli haldinn um hugsanlegan samning né heldur er fastlagt að þjóðaratkvæðagreiðsla skuli ákvarða hvort sækja eigi um aðild eða ekki heldur er það eitt af þeim málum sem koma fram í framangreindri vinnu.

Framangreindar tillögur fjalla fyrst og fremst um hvort og þá með hvaða hætti skuli sótt um aðild að Evrópusambandinu og hvaða málflokkar hafa mest vægi verði það gert. Náttúrufræðistofnun Íslands starfar samkvæmt þeim lögum og reglum sem stofnuninni eru



sett og í umboði umhverfisráðuneytisins, ríkisstjórnar Íslands og Alþingis. Stofnunin hefur því ekki sjálfstæða skoðun á aðild að Evrópusambandinu.

Náttúrufræðistofnun tekur eftir því í báðum tillögum að frekar lítið er fjallað um náttúrufræði og náttúruvernd þrátt fyrir að þessi málaflókkar séu ekki hluti af EES samningnum og verði því hluti af því sem „semja“ þarf um sérstaklega. Með umfang aðildarumsóknar í huga og séð í ljósi hlutverks Náttúrufræðistofnunar Íslands telur stofnunin eðlilegra að mæla með tillögu ríkisstjórnarinnar um skipun nefnda, fagleg nefnd og sérstök Evrópunefnd Alþingis, en að fela utanríkismálanefnd Alþingis umsjón með málinu enda málið mjög víðfemt. Náttúrufræðistofnun telur að náttúruvernd og sjálfbær nýting náttúruauðlinda svo og aðgengi allrar þjóðarinnar að auðlindum landsins eigi að vera meðal grundvallarhagsmuna Íslendinga en það er ekki til að mynda í þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur afar mikilvægt, sæki Ísland um aðild að Evrópusambandinu, að leitað verði til stofnunarinnar um upplýsingar og faglega ráðgjöf um mál sem snúa að henni og snerta sjálfbæra nýtingu og náttúruverndarmál. Náttúrufræðistofnun hefur víðtæka reynslu á sviði samskipta á alþjóðavettvangi. Innan stofnunarinnar er að finna yfirgripsmikla þekkingu á sviði náttúrufræðirannsókna og þar með innsýn í stöðu og þarfir þessa málaflökks á Íslandi og til hvers er ætlast af Evrópusambandinu vegna innleiðingu Evróputilskipana á sviði náttúrufræða og náttúruverndar. Stofnunin hefur á að skipa starfsfólki sem hefur áratuga reynslu og þekkingu á stjórnsýslulegum samskiptum og regluverki Norðurlanda og Evrópusambandsins á sviði náttúrufræðirannsókna og náttúruverndar.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er margt í löggjöf Evrópusambandsins sem yrði til verulegra bóta fyrir náttúrufræði og náttúruvernd verði af inngöngu Íslands í Evrópusambandið. Til að skýra málið frekar er meðfylgjandi bréf Náttúrufræðistofnunar Íslands, dags. 19. mars sl., til nefndar um þróun Evrópumála á vegum forsætisráðuneytisins.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

Meðf: Bréf Náttúrufræðistofnunar Íslands til Forsætisráðuneytisins, dags. 19. mars 2009.



AFRIT

Forsætisráðuneytið  
Sturla Sigurjónsson  
ritari nefndar um þróun Evrópumála  
Stjórnarráðshúsinu v/Lækjargötu  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. mars 2009  
2009020005/52-2  
TB/JGO

Vísað er til bréfs frá nefnd um þróun Evrópumála, dags. 3. febrúar sl., þar sem lagðar eru fram nokkrar spurningar til ýmissa hagsmunaaðila, samtaka, fyrirtækja og stofnana vegna hugsanlegrar umsóknar Íslands um aðild að Evrópusambandinu. Nefndin miðar m.a. að því að fá upplýsingar um sértæka hagsmuni hvers hagsmunaaðila sem aðild varðar. Beðist er velvirðingar á síðbúnu svari Náttúrufræðistofnunar Íslands.

### **Umsögn**

Hlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands samkvæmt lögum er að stunda undirstöðurannsóknir í dýrafræði, grasafraði og jarðfræði landsins og annast skipulega heimildasöfnun um náttúru Íslands og skráir hana á kerfisbundinn hátt. Stofnunin varðveitir niðurstöður og eintök í fræðilegum söfnum og veitir sem best yfirlit um náttúru landsins m.a. með kortagerð. Eitt af meginverkefnum stofnunarinnar er að leiðbeina um landnotkun og hóflega nýtingu náttúruauðlinda og meta útbreiðslu og verndarstöðu tegunda og vistkerfa, verndargildi þeirra og annarra náttúruminja.

Náttúruverndarlöggjöf Evrópusambandsins er ekki hluti af EES samningnum. Gangi Ísland í Evrópusambandið mun það væntanlega hafa mikil áhrif á starfsemi Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þær tilskipanir sem munu hafa mest áhrif eru tilskipun um vernd náttúrulegra vistgerða/búsvæða, svo kallað „Habitat directive” (Council Directive 92/43/EEC/1992) og tilskipun um vernd villtra plöntu- og dýrategunda, svo kallað "Bird directive" (Council Directive 79/409/EEC) frá árinu 1979. Fyrrgreindar tilskipanir, sem fela m.a. í sér stranga tegundavernd, eru kjölfestan í náttúruverndarlöggjöf Evrópusambandsins og náttúruverndaráætlun þess, "Natura 2000". Náttúruverndaráætlunin kveður á um lögbundna skyldu aðildarríkja til að koma upp heildstæðu neti friðlanda, sem ná til allra aðildarríkja til að tryggja verndun tiltekinna vistgerða og tegunda dýra og plantna og búsvæða þeirra. Gangi Ísland í Evrópusambandið þarf það að skaffa margvísleg og ítarleg náttúrufarsgögn, m.a. um stofnstærðir og útbreiðslu tiltekinna dýra og plantna og verndarstöðu þeirra hér á landi, um tilteknar vistgerðir, útbreiðslu og verndarstöðu þeirra. Jafnframt að friða tilteknar tegundir og vistgerðir og tilnefna svæði samkvæmt fyrirfram ákveðnum viðmiðum til náttúruverndaráætlunarinnar, "Natura 2000". Tilnefningu svæðis þurfa að fylgja margvísleg og ítarleg náttúrufarsgögn, sem lögð eru til grundvallar samþykkis eða synjunar. Ísland fengi

6 ára frest til að klára þetta mál, þ.e. að ljúka friðlýsingum tegundanna og vistgerðanna og koma upp neti friðlanda sem fullnægi kröfum náttúruverndaráætlunarinnar og verði hluti af sameiginlegu neti friðlanda aðildarríkjanna. Sex ár eru skammur tími í ljósi áberandi gagnaskorts sem stafar af lítilli áherslu hér á landi á þessi mál á undanförunum árum og áratugum. Það kæmi fyrst og fremst í hlut Náttúrufræðistofnunar að afla umræddra náttúrufræðisgagna, bæði hvað varðar tegundir dýra og plantna og vistgerða. Stofnunin þyrfti verulega aukin fjárframlög frá því sem nú er til þess að sinna þessum auknu kröfum um áreiðanleg gögn með fullnægjandi hætti. Náttúruverndarlöggjöf Evrópusambandsins mun því væntanlega hafa veruleg áhrif á starfsemi Náttúrufræðistofnunar verði sótt um aðild.

Framangreind vinna tengist einnig öðrum tilskipunum sem munu gera auknar kröfur til skipulegrar vinnu á sviði náttúruverndarannsóknna og vöktunar á Íslandi s.s. vatnatilskipun Evrópusambandsins (Directive 2000/60/EC), sem aðeins er innleidd hér á landi núna að hluta til og tilskipun Evrópusambandsins um "Environmental Liability" (Directive 2004/35/EC).

### **Svör við spurningum:**

*Hvaða áhrif teljið þið að ESB aðild myndi hafa á viðeigandi hagsmuni eða verksvið?*

Svar: Aðild að Evrópusambandinu myndi væntanlega hafa þau áhrif á störf Náttúrufræðistofnunar Íslands að stofnuninni yrði gert skylt að ljúka ákveðnum verkefnum innan tiltekins tíma, sem lúta að kerfisbundinni skráningu lífríkis, rannsóknum á stofnstærðum tegunda, útbreiðslu og verndarstöðu vistgerða og tegunda og vöktun lykilþátta í náttúru landsins. Jafnframt myndi aðildin styrkja náttúruvernd almennt hér landi og eftirlit með því að umhverfislöggjöfinni sé framfylgt með fullnægjandi hætti, sbr. t.d. framkvæmd laga um mat á umhverfisáhrifum áætlana og framkvæmda.

*Hvaða hluti laga og reglna ESB hefðu jákvæð áhrif?*

Svar: Tilskipanir sem myndu hafa mest jákvæð áhrif eru eins og áður segir „Habitat directive“, Bird directive“ og vatnatilskipunin auk annarra eins og t.d. tilskipuninni um "Environmental liability". Í síðast nefndu tilskipuninni eru t.d. gerðar kröfur um að upplýsingar um náttúruna og vöktun séu af það miklum gæðum að hægt sé að gera aðila ábyrga fyrir og ráða bót á umhverfisspjöllum. Jákvæð áhrif felast fyrst og fremst í betri og sambærilegri aðferðafræði og forvörn sem felst í náttúruverndaráætluninni, "Natura 2000".

*Hvaða hluti laga og reglna ESB hefðu neikvæð áhrif?*

Svar: Erfitt er að benda á Evrópusambandslög eða reglur sem hafa bein neikvæð áhrif og lúta að undirstöðurannsóknum á náttúru Íslands, vöktun hennar eða að náttúruverndarmálum yfirleitt. Lög og reglur Evrópusambandsins myndu áreiðanlega hafa í för með sér aukinn kostnað, sem stafar af því að Ísland er langt á eftir aðildarríkjum Evrópusambandsins í undirstöðurannsóknum á náttúru landsins, skipulegri skráningu hennar og vöktun. Auðvelt er að rökstyðja að aukinn kostnaður skili sér fljótt í auknu hagræði vegna framkvæmdar annarrar löggjafar s.s. vegna skipulagsmála, mats á umhverfisáhrifum áætlana og framkvæmda. Hér er því um kost að ræða, en ekki ókost.

*Hefur verið tekin afstaða til aðildar Íslands að Evrópusambandinu?*

*Ef svo er, hver er hún?*

Svar: Náttúrufræðistofnun starfar samkvæmt þeim lögum og reglum sem stofnuninni eru sett og í umboði umhverfisráðuneytisins, ríkisstjórnar Íslands og Alþingis. Stofnunin hefur því ekki sjálfstæða skoðun á aðild að Evrópusambandinu. Að því sögðu er það mat stofnunarinnar að margt í löggjöf Evrópusambandsins sem snýr að náttúrunni og náttúruvernd

og Íslandi bæri að innleiða yrði til verulegra bóta með lögfestingu hér á landi. Stofnunin bendir þó á að það er fátt sem komið gæti í veg fyrir að Ísland taki löggjöf Evrópusambandsins á sviði náttúruverndarmála og umhverfisvöktunar til fyrirmyndar og innleiða í íslenska löggjöf með eða án aðildar. Í því sambandi er vert að hafa í huga að náttúruverndarlöggjöf Evrópusambandsins á að verulegu leyti rætur að rekja til Bernarsamningsins um verndun villtrar náttúru í Evrópu sem Evrópusambandið, einstök aðildarríki þess og Ísland eru aðilar að. Hér á landi hefur minni áhersla verið lögð á að framfylgja þessum grundvallar samningi á sviði náttúruverndar, en í ríkjum Evrópusambandsins. Það myndi áreiðanlega breytast með aðild að sambandinu.

Virðingarfyllt

Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri

Trausti Baldursson